

# SKIPULAGSSKRÁ

## Styrktar- og minningarsjóðs Þorbjargar Björnsdóttur.

### 1. gr.

Styrktar- og minningarsjóður Þorbjargar Björnsdóttur er eign Gigtarfélags Íslands, settur á fót að frumkvæði fjögurra kvenna (L.K. klúbbsins). Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gigtsjúka, einkum unga gigtsjúklinga.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf L.K. klúbbsins til Gigtarfélags Íslands að fjárhæð kr. 500 000.00 til minningar um látinn félagi klúbbsins, Þorbjörgu Björnsdóttur, sem bjó að Hvassaleiti 38 í Reykjavík, en Þorbjörg starfaði að líknar- og mannúðarmálum í fjölmörg ár.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að ofan.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og þrír til vara, svo sem hér segir: Formaður stjórnar sjóðsins og varamaður hans skulu tilnefndir af stjórn Gigtarfélags Íslands að fenginni umsögn L.K. klúbbsins til fimm ára í senn. Í aðalstjórn sitja einnig formenn Gigtarfélags Íslands og Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna á hverjum tíma og til vara varaformenn Gigtarfélags Íslands og Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna, sem taka sæti í stjórninni í forföllum formanna í félögum sínum.

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins. Stjórn Gigtarfélags Íslands ber ábyrgð á fjárvörslu.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa styrki úr sjóðnum, þegar hún telur að styrkur þaðan geti numið þeirri fjárhæð að líklegt sé að hann geti orðið væntanlegum styrkþega eða styrkþegum til nokkurs velfarnaðar.

### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fyrir aðalfund Gigtarfélags Íslands til afgreiðslu.

### 8. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður né skipulagsskrá hans breytt nema með samþykki aðalfundar Gigtarfélags Íslands og skulu tillögur þar að lútandi sæta sömu meðferð og tillögur til breytinga á lögum Gigtarfélags Íslands. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans ganga til Gigtarfélags Íslands.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð gigtsjúkra nr. 153 frá 1990 sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 26. mars 1990.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. mars 1992.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanneý Óskarsdóttir.*